



Kristbjörg K. Björnsdóttir,
MA-nemi í félagsráðgjöf

Umsáturseinelti í kjölfar ofbeldissambanda

Kristbjörg Karen Björnsdóttir kynnti meistararannsókn sína á Félagsráðgjafafinginu 20. febrúar sl. sem fjallar um umsáturseinelti í kjölfar ofbeldissambanda en hún var gerð undir leiðsögn Freydísar J. Freysteinsdóttur (MSW, PhD). Kristbjörg segir viðtökuurnar hafa verið afar jákvæðar.

„Mér fannst kynningin ganga vel og ég fann skýrt fyrir áhuga meðal áheyrenda, þótt tími til spurninga hafi verið knappur hélt umræðan áfram eftir erindið. Spurningarnar sýndu að margir voru að tengja þetta við sitt eigið starf.“

BIL Á MILLI LAGA OG VERULEIKA

Lagaleg staða umsáturseineltis vakti mikla athygli.

„Það eru til lagaákvæði sem eiga að taka á þessari háttsemi, en það er oft bil á milli laga og framkvæmdar,“ útskýrir Kristbjörg. „Þolendur geta því upplifað að verndin sé ekki nægilega virk í raunverulegum aðstæðum.“

Gerendur geta aðlagð hegðun sína að kerfinu, sem gerir það að verkum að úrræði ná ekki alltaf að tryggja raunverulegt öryggi.

UMFANG VANDANS LÍKLEGA VANMETIÐ

Spurningar um algengi umsáturseineltisins komu einnig upp.

„Þótt nákvæmar tölur skorti benda bæði erlendar rannsóknir og mínar niðurstöður til þess að umsáturseinelti sé ekki sjaldgæft í kjölfar ofbeldissambanda,“ segir Kristbjörg og bendir á að skortur á skráningu og skýrum skilgreiningum geti dregið úr sýnileika vandans og leitt til þess að umfang hans sé vanmetið.

ÞEKking, SAMVINNA OG SKÝRARI VIÐBRÖGÐ

Að mati Kristbjargar þarf að styrkja viðbrögð fagkerfa.

„Það er lykilatriði að fagfólk þekki einkenni umsáturseineltis og geti metið áhættu heildstætt. Samvinna milli kerfa, skýrari verklagsreglur og aukin sérhæfing skipta miklu máli.“ Hún nefnir einnig rafræna vöktun sem mögulegt úrræði:

„Innleiðing ökklabanda gæti aukið öryggi þolenda.“

DJÚPSTÆÐ ÁHRIF Á LÍF ÞOLENDA

Frásagnir þátttakenda sýna að áhrifin eru djúpstæð og víðtæk. Þolendur þurfa oft að gera róttækar breytingar

á lífi sínu til að auka öryggi, svo sem að flytja, skipta um símanúmer eða breyta daglegum venjum. Í sumum tilvikum var jafnvel gripið til þess að flytja úr landi. Áhrifin eru ekki aðeins sálræn heldur einnig félagsleg og hafa áhrif á tengsl, búsetu og stöðu fólks í samfélaginu. „Þetta sýnir hversu íþyngjandi áhrifin geta verið,“ segir Kristbjörg

STAFRÆNT UMSÁTURSEINELTI Í VEXTI

Nýjar birtingarmyndir ofbeldis eru að koma fram með tækninni.

„Gerendur hafa sífellt fleiri leiðir til eftirlits og áreitni,“ bendir hún á. „Því þurfa viðbrögð fagfólks að þróast samhliða tækninni.“

„UMRÆÐAN ÞARF AÐ HALDA ÁFRAM“

Kristbjörg telur mikilvægt að auka þekkingu fagfólks, hafa viðbrögðin markvissari og halda áfram þróun úrræða. „Þolendur eiga ekki að þurfa að breyta lífi sínu til að vera öruggir – kerfið þarf að mæta þeim þar sem þeir eru,“ segir Kristbjörg að lokum.

Viðtal: María Björk

Allt viðtalið má finna í hlaðvarpi FÍ

